

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi lóðar við Einhellu 3 og 5.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 6. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Einhellu 3 og 5. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur öðlast gildi. Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. apríl sl.

Vegna skekkju á samþykktum skipulagsupprætti dags. 22. desember 2017 voru lagfærðir upprættir grenndarkynntir skv. 1. mgr. 2. gr. um heimild til embættisafgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Erindið var grenndarkynnt frá 5. júní - 3. júlí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. júlí 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2018